



Haustfundur SKÍ 2018

haldið í Reykjavík 5.-6.október

Breyting á reglugerð - nr. 6

Tillaga að breytingu á reglugerð um félagaskipti keppenda

Flutningsaðili: Stjórn SKÍ

Var:

1. Keppandi getur skipt um félag hvenær sem er. Sé skipt um féлага eftir útgáfu keppnisleyfa skal greiða félagaskiptagjald skv. gjaldskrá SKÍ.
2. Keppnisrétt öðlast hann með sínu nýja félagi þegar öllum formsatriðum er fullnægt, eigi síðar en 15 dögum eftir að lögleg tilkynningu hefur borist SKÍ.
3. Tilkynna þarf félagaskipti skriflega á þar til gerðu eyðublaði til stjórnar SKÍ ásamt staðfestingu á skuldlausri stöðu við fyrra félag. Komi upp ágreiningur um félagaskipti skal skíðadómsstóll SKÍ skera úr um málið.
4. Ekki þarf að tilkynna félagskipti hafi viðkomandi ekki keppt á undanförunum 2 árum.
5. Það er á ábyrgð íþróttamannsins sjálfs að félagaskiptin fari löglega fram. Sé keppandi undir lögaldri þarf samþykki foreldris eða forráðamanns.
6. Keppandi getur aðeins einu sinni farið fram á félagaskipti á sama keppnistímabili.
7. Ákvæði þessi ná til keppanda 13 ára og eldri.

Verður:

1. Keppandi getur einungis keppt fyrir eitt félag á hverju keppnistímabili og er farið eftir skráningu í félagakerfi íþróttahreyfingarinnar Felix. Hægt er að gera félagaskipti til 1.febrúar ár hvert eða fram að fyrsta móti. Eftir að keppandi hefur keppt á sínu fyrsta bikarmóti er ekki hægt að gera félagsskipti á tímabilinu. Keppnistímabil endar 15. maí ár hvert.
2. Keppnisrétt öðlast keppandi með sínu nýja félagi þegar öllum formsatriðum er fullnægt. Afskrá þarf keppanda úr Felix í gamla félaginu og nýskrá hann hjá nýja félaginu.
3. Tilkynna þarf félagaskipti skriflega á þar til gerðu eyðublaði til skrifstofu SKÍ ásamt staðfestingu.
4. Ekki þarf að tilkynna félagskipti hafi viðkomandi ekki keppt á undanförunum tveim árum.
5. Það er á ábyrgð íþróttamannsins sjálfs að félagaskiptin fari löglega fram. Sé keppandi undir lögaldri þarf samþykki foreldris eða forráðamanns.

Afgreiðsla:

Samþykkt Felld



Haustfundur SKÍ 2018

haldið í Reykjavík 5.-6.október

6. Ákvæði þessi ná til keppanda sem taka þátt á mótum á vegum SKÍ.

Útskýring og rökstuðningur:

Reglugerð uppfærð í takt við að verið sé að gera tillögu að fella út félagaskiptagjald. Settur er lokafrestur á félagaskipti innan tímabils og tenging við Felix, félagakerfi ÍSÍ.

Texti um keppnisleyfi tekinn út enda þau ekki til lengur. Einnig tekin út texti um dómstól SKÍ sem er ekki til lengur skv. lögum SKÍ. Ef ágreiningsmál koma upp verður farið eftir 14.grein laga SKÍ og því beint til dómstóla ÍSÍ.

Afgreiðsla:

Samþykkt Felld